

ÁHERSLUVERKEFNI 2025 -2026

Heiti verkefnis	Mótun, innleiðing og eftirfylgni samskiptastefnu fyrir svæðið
Númer verkefnis	2025-01
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að íbúar séu sammála um fyrir hvað svæðið stendur og að samskipti byggist á jákvæðni og bjartsýni.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Verkefnið felur í sér að móta heildstæða samskiptastefnu fyrir landshlutann með það að markmiði að styrkja ímynd hans, bæta upplýsingaflæði og auka samvinnu við hagsmunaaðila. Stefnan mun byggja á sérkennum landshlutans og þörfum hans, með áherslu á gagnsæi, skýr samskipti og virkni. Helstu skref verkefnisins eru: skilgreining markhópa og lykilskilaboða, val á hentugum miðlum og samskiptaaðferðum og þróun mælanlegra markmiða. Samráð við íbúa, fyrirtæki og aðra hagsmunaaðila verður lykilatriði til að tryggja þátttöku og stuðning. Stefnt er að því að efla samkennd meðal íbúa. Heimsóknir í grunnskóla á svæðinu til að ræða um jákvæðar samskiptavenjur. Verkefnið stuðlar að markvissari samskiptum og eflir sjálfbæran vöxt landshlutans til framtíðar.
Málaflokkur	Menntamál - Mennta- og barnamálaráðuneytið Heilbrigðismál - Heilbrigðisráðuneytið Málefni sveitarfélaga - Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög og hagaðilar
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Samskiptastefna sem sýnileg er á vinnustöðum sveitarfélaga í landshlutanum og víðar. Hægt verður að vísa í hana í samskiptum og nota á uppbyggilegan hátt. Samstaða og samkennd íbúa aukist, sem og jákvæðni og bjartsýni. Samskipti ungra sem aldinna, bæði innan svæðis og utan, verði jákvæð og uppbyggileg.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 01 – Samvinna, jákvæðni og bjartsýni. Lykilmálaflokkur 02 – Góður staður til að búa á.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Byggðaaætlun, III, C.e.: Greindir verði styrkleikar einstakra svæða og unnið með þá og gætt að samspili þéttbýlis og dreifbýlis í þeim tilgangi að byggja upp fjölbreytt sjálfbær byggðarlög. Stefna í geðheilbrigðismálum um geðrækt og forvarnir.

Heiti verkefnis	Örmyndbönd - viðtöl
Númer verkefnis	2025-02
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að beina athygli íbúa að jákvæðum þáttum þess að búa á Norðurlandi vestra og þeim tækifærum sem hér bjóðast.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Tekin verða upp stutt myndbönd í öllum sveitarfélögum þar sem íbúar eru spurðir að því hvað þeim finnst best við Norðurland vestra. Myndböndum verður dreift á miðlum SSNV, bæði heimasíðu og samfélagsmiðlum (og svo deilt áfram).
Málaflokkur	Heilbrigðismál - Heilbrigðisráðuneytið Málefni sveitarfélaga - Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Örmyndbönd sem deilt verður á samfélagsmiðlum. Myndböndunum er ætlað að auka jákvæðni og bjartsýni í landshlutanum með því að tala við fólk úr nærumhverfinu og beina athygli að jákvæðum þáttum þess að búa hér. Myndböndin verða sýnileg bæði innan landshlutans og utan og beini að honum jákvæðri athygli.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 01 – Samvinna, jákvæðni og bjartsýni. Lykilmálaflokkur 02 – Góður staður til að búa á.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Byggðaáætlun, III, C.e.: Greindir verði styrkleikar einstakra svæða og unnið með þá og gætt að samspili þéttbýlis og dreifbýlis í þeim tilgangi að byggja upp fjölbreytt sjálfbær byggðarlög. Stefna í geðheilbrigðismálum um geðrækt og forvarnir.

Heiti verkefnis	Ungt fólk á Norðurlandi vestra
Númer verkefnis	2025-03
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Skapa vettvang fyrir ungt fólk til að tjá skoðanir sínar og ræða málefni sem brenna á því, valdefla og efla tengslanet. Markmiðið er að tengja saman ungt fólk í landshlutanum og fá rödd þeirra inn í stefnumótun svæðisins.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Haldin verða ungmennaping þar sem markhópurinn er 13-18 ára. Í framhaldi verður stofnað ungmennaráð í landshlutanum og haldið utan um vinnu þess. Ungmennin aðstoða við gerð samskiptastefnu og koma með hugmyndir að leiðum við innleiðingu hennar. Viðfangsefni ungmennapinganna eru tengd þörfum samfélagsins hverju sinni.
Málaflokkur	Málefni barna - Mennta- og barnamálaráðuneytið Atvinnuþróun og byggðamál - Atvinnuvegaráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV - verkefnastjórn
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög á svæðinu, tómstundafulltrúar, skólar, ungmennaráð og aðilar á svæðinu tengdir málefnum svæðis verða kallaðir til þegar við á.
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Vinna ungmennanna á þinginu nýtist við gerð samskiptastefnu. Rödd þeirra heyrir við gerð og innleiðingu þessarar mikilvægu stefnu. Ávinningur verkefnisins felst í enn betri samskiptum unga fólksins í landshlutanum og sýnileika þeirra innan samfélagsins.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 01 – Samvinna, jákvæðni og bjartsýni. Lykilmálaflokkur 02 – Góður staður til að búa á.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna: Ísland hefur fullgilt Barnasáttmálann og skuldbundið sig til að tryggja rétt barna og ungmenna til að taka þátt í ákvörðunum sem hafa áhrif á líf þeirra. Ungmennaping og ungmennaráð eru skýr dæmi um að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að hafa áhrif.

Heiti verkefnis	Markaðssetning landshlutans
Númer verkefnis	2025-04
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að laða að nýja íbúa með því að varpa ljósi á kosti þess að búa í landshlutanum ásamt því að styrkja jákvæða íbúapróun og efla stolt íbúa gagnvart svæðinu.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Markmið verkefnisins er að efla ímynd Norðurlands vestra og stuðla að jákvæðri íbúapróun með markvissri markaðssetningu. Í verkefninu verður unnið með sveitarfélögum, fyrirtækjum og öðrum hagsmunaaðilum til að draga fram sérstöðu svæðisins sem leggur áherslu á lífsgæði, sterka samfélagsgerð, frábær búsetuskilyrði og einstaka náttúru. Verkefnið felur í sér: Greiningu á styrkleikum svæðisins og þróun lykilskilaboða sem höfða til væntanlegra íbúa. Sköpun og miðlun markaðsefnis, s.s. mynda, myndbanda og söguefnis, til notkunar á samfélagsmiðlum, vefsíðum og öðrum miðlum. Markvissa kynningu í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki með áherslu á að ná til fjölbreytts hóps einstaklinga og fjölskyldna. Mat á árangri með reglulegri greiningu á íbúapróun. Verkefnið miðar að því að tryggja sjálfbæra og jákvæða þróun á Norðurlandi vestra og styrkja samfélagið til framtíðar. Það mun einnig leggja grunn að lengri tíma stefnu í íbúafjölgun og ímyndarsköpun svæðisins.
Málaflokkur	Málefni sveitarfélaga - Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Lokaafurð verkefnisins verður kynningarefni sem eflir ímynd Norðurlands vestra og laðar að nýja íbúa. Ávinningur samfélagsins felst í íbúafjölgun, sterkari innviðum og atvinnuþróun, bættri ímynd og samheldni innan landshlutans.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 01 – Samvinna, jákvæðni og bjartsýni. Lykilmálaflokkur 02 – Góður staður til að búa á.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Byggðaáætlun: Byggðaáætlun miðar að því að efla jafnvægi í byggðaþróun um allt land, með áherslu á búsetuþróun, atvinnulíf og lífsgæði. Verkefnið styður markmið um að styrkja landsbyggðina sem eftirsóknarverðan búsetukost.

Heiti verkefnis	Sýnileiki viðburða á Norðurlandi vestra
Númer verkefnis	2025-05
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að íbúar, fyrirtæki og viðburðahaldarar hafi aðgang að opnum vefmiðli til að auglýsa viðburði á Norðurlandi vestra, sem gerir íbúum kleift að sjá hvað er í gangi hverju sinni á svæðinu.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Verkefnið snýst um að bæta aðgengi íbúa landshlutans að upplýsingum um viðburði á svæðinu í gegnum einn vef (vefsvæði) með það í huga að auka þátttöku í þeim viðburðum sem bjóðast og auka sýnileika þess sem í boði er í landshlutanum.
Málaflokkur	Menning - Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið Nýsköpun - Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið Atvinnusköpun - Atvinnuvegaráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Samstarf við vefmiðil sem íbúar svæðis þekkja vel til
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Vefsvæði sem tekur við og miðlar upplýsingum um viðburði í landshlutanum að fyrirmynd https://www.visir.is/vidburdir Þannig aukast möguleikar íbúa landshlutans á að njóta þess fjölbreytta menningarframboðs sem býðst, viðburðahaldarar njóta einnig góðs af og styrki starfsemi sína enn frekar.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 01 – Samvinna, jákvæðni og bjartsýni. Lykilmálaflokkur 02 – Góður staður til að búa á.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Menningarstefna – menningarþátttaka, aðgengi og samvinna í menningarmálum.

Heiti verkefnis	Ferðapjónusta í sókn - Ævintýraferðapjónusta
Númer verkefnis	2025-06
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að tengja saman aðila í ferðapjónustu til að útbúa sameiginlegar heildarlausnir og fjölbreyttar pakkaferðir.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Verkefnið hefur það markmið að styðja við vöruþróun með áherslu á ævintýraferðamennsku, að búnir verði til fjölbreyttir ferðapakkar til að fá ferðamenn til að dvelja lengur í landshlutanum. Byggt verður á þeim möguleikum sem hér eru til útivistar allt árið um kring og nýir þróaðir með auknu samstarfi. Aðkoma SSNV snýst um verkefnastjórn, fjármögnun markaðssetningar og tengingu við ferðaskrifstofur.
Málaflokkur	Ferðapjónusta - Atvinnuvegaráðuneytið Menning - Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Fyrirtæki og ferðapjónustuaðilar á svæðinu
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Fjölbreyttir ferðapakkar sem bjóðast söluaðilum ferðapjónustu þar sem búið er að spyrða saman upplifanir og þjónustu sem byggja á ævintýraferðamennsku. Þannig festist ferðapjónusta hér í sessi sem heilsársatvinnugrein og ferðamenn dvelja hér lengur. Aukið samstarf aðila í ferðapjónustu skilar ávinningi fyrir landshlutann allan og styður við uppbyggingu hótela.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 03 – Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Velkomin. Ferðamálaflokkur og aðgerðir til ársins 2030. Upplifun gesta. Lögð er áhersla á að þróa vöru með áherslu á staðbundna sérstöðu og upplifun gesta. Í stefnunni er einnig talað um mikilvægi þess að lengja ferðamannatímabilið og jafna dreifingu ferðamanna um landið, sem verkefnið þjónar með því að þróa vöru sem laðar ferðamenn að utan háannatíma.

Heiti verkefnis	Ferðapjónusta í sókn - Söguferðapjónusta
Númer verkefnis	2025-07
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að sagnaarfur svæðisins nýtist aðilum í ferðapjónustu sér til framdráttar.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Verkefnið hefur það markmiði að styðja við vöruþróun með áherslu á sagnaarf svæðisins og ferðapjónustuaðilar nýti sér á markvissan hátt, að búnir verði til fjölbreyttir ferðapakkar til að fá ferðamenn til að dvelja lengur í landshlutanum. Verkefnið miðar að því að þróa, kynna og styrkja ferðapjónustu sem byggir á staðbundinni sögu og menningu. Með aukinni áherslu á sjálfbæra ferðamennsku og einstakar upplifanir verður sögulegur arfur svæðisins nýttur sem aðdráttarafl.
Málaflokkur	Ferðapjónusta - Atvinnuvegaráðuneytið Menning - Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Tilbúnir sölupakkar sem byggja á sögum svæðis og markaðsefni þeim tengdum til að ferðamenn dvelji lengur í landshlutanum. Ferðir um söguslóðir þar sem sagnaarfur landshlutans er nýttur til að draga að ferðamenn.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 03 – Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Velkomin, Ferðamálastefna og aðgerðir til ársins 2030, Upplifun gesta, samfélag og menning. Lögð er áhersla á að þróa vöru með áherslu á staðbundna sérstöðu, sjálfbærni og upplifun gesta. Verkefnið styður við þessa stefnu með því að nýta menningararf og sögu til að skapa einstakar og sjálfbærar ferðamannaafurðir. Í stefnunni er einnig talað um mikilvægi þess að lengja ferðamannatímabilið og jafna dreifingu ferðamanna um landið, sem verkefnið þjónar með því að þróa viðburði og upplifanir sem laða ferðamenn að utan háannatíma.

Heiti verkefnis	Ferðapjónusta í sókn - Viðburðir
Númer verkefnis	2025-08
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að svæðið marki sér sérstöðu með viðburðahaldi tengdu útivist og ævintýrum.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Að sköpuð verði umgjörð um t.d. utanvegahlaup, hjóltreíðakeppnir, yoga-helgar/-vikur með tilheyrandi markaðssetningu og samstarfi aðila í ferðapjónustu og tengdum greinum. Árvissir viðburðir í landshlutanum þróaðir og festir í sessi með samstarfi og markvissri markaðssetningu. Norðurland vestra verður kynnt í gegnum viðburði víðsvegar um landshlutann, hjóltreíðakeppnir, hlaup og fleira sem dregur fólk í landshlutann með það markmið að lengja ferðamannatímabilið.
Málaflokkur	Ferðapjónusta - Atvinnuvegaráðuneytið Menning - Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Ferðapjónustuaðilar á svæðinu, fyrirtæki á svæðinu
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Útivistar- og ævintýrapakkar á Norðurlandi vestra. Árvissir viðburðir sem ferðapjónustuaðilar í samvinnu við SSNV standa að og draga að fjölda ferðmanna. Verkefnið festi í sessi viðburði tengdum við ferðapjónustu á Norðurlandi vestra.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 03 – Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Velkomin, Ferðamálastefna og aðgerðir til ársins 2030, Upplifun gesta, samfélag og menning. Lögð er áhersla á að þróa viðburði með áherslu á staðbundna sérstöðu, sjálfbærni og upplifun gesta. Verkefnið styður við þessa stefnu með því að skapa einstaka og sjálfbæra viðburði. Í stefnunni er einnig talað um mikilvægi þess að lengja ferðamannatímabilið og jafna dreifingu ferðamanna um landið, sem verkefnið þjónar með því að þróa viðburði og upplifanir sem laða ferðamenn að utan háannatíma.

Heiti verkefnis	Nýsköpun á Norðurlandi
Númer verkefnis	2025-09
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að efla nýsköpun á Norðurlandi með fjölbreyttum hætti. Að auki að stækka tengslanet frumkvöðla svæðis um allt land og utan landssteina. Að hjálpa frumkvöðlum að breyta hugmynd í afurð sem skilar samfélaginu ágóða.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Hugvit einstaklinga er mikilvægasta uppspretta nýsköpunar. Því þarf að virkja einstaklinga og fyrirtæki og tengja frumkvöðla saman svo þeir nái að vaxa og dafna. Til að ná fram því besta í okkar frumkvöðlum förum við í samstarf með öðrum landshlutum. Þar verður m.a. staðið að hraðli sem styður við frumkvöðla með fjölbreyttum hætti s.s. fræðslu og viðburðum. Með samstarfi landshlutasamtakanna stækkar tengslanet sem aðstoðar frumkvöðla svæðisins áfram í sínum verkefnum. SSNV skapar umhverfi tengt nýsköpun og styður þannig við frumkvöðla með utanumhaldi og markvissri eftirfylgni.
Málaflokkur	Nýsköpun - Menningar, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið Atvinnumál og byggðapróun – Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið Matvælaframleiðsla - Atvinnuvegaráðuneytið Umhverfismál – Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	SSNE og önnur landshlutasamtök, Eimur, Drift EA, sérhæfðir ráðgjafar, stofnanir, ráðuneyti, Hugskotið Færeyjum, Kupa Noregi.
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Samstarf stuðningskerfis nýsköpunar á landsbyggðinni er fest í sessi sem tryggir aukin gæði fyrir frumkvöðla. Sameiginlegur viðskiptahraðall með öðrum landshlutasamtökum. Millilandahraðall með Færeyjum og Noregi. Regluleg lausnamót í landshlutanum Nýsköpunarumhverfið á Norðurlandi vestra eflist og styður frumkvöðla, sem leiðir til aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi og betri afkomumöguleikum fyrirtækja á svæðinu.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 03 – Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Stefnuýfirlýsing ríkisstjórnarinnar, 10. og 12. gr.: Áhersla á að styðja við og efla nýsköpun t.d. til að auka fjölbreytileika atvinnulífs, efla landbúnað, heilbrigðisþjónustu og menntamál. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Nýsköpunarlandið Ísland. Byggðaáætlun: Nýsköpunarhæfni samfélaga og áhersla á frumkvöðlastarfsemi og græn störf verði aukin um allt land með áherslu á að styrkja stoðkerfi og innviði nýsköpunar, stafræna þróun, þekkingaruppbyggingu og greiðara aðgengi að mörkuðum og fjármagni.

Heiti verkefnis	Smáframleiðendur
Númer verkefnis	2025-10
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að styðja við framleiðslu smáframleiðenda með fjölbreyttum hætti. Markmiðið er að fjölga smáframleiðendum á svæðinu og efla sjálfbæra framleiðslu.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Verkefnið hefur að markmiði að efla starfsskilyrði smáframleiðenda á Norðurlandi vestra og styðja við nýliðun í greininni. Smáframleiðendur standa frammi fyrir miklum áskorunum vegna aukinna eftirlitskrafna sem geta orðið þeim þungbærar og dregið úr rekstrarhæfi. Verkefnið felst í því að skapa vettvang fyrir samráð milli smáframleiðenda, eftirlitsstofnana og annarra hagaðila. Hluti verkefnisins er að halda viðburð þar sem hagaðilar koma saman með smáframleiðendum. Viðburðurinn miðar að því að auka skilning og finna lausnir sem gera smáframleiðslu sjálfbæra og samkeppnishæfa. Auk þess verður fræðsla fyrir þá sem hafa áhuga á að hefja smáframleiðslu. Verkefnið nýtir sterkt tengslanet á svæðinu, t.d. innan samtaka smáframleiðenda, Beint frá býli og Slow Food, til að tryggja árangur. Með þessu er stuðlað að eflingu smáframleiðslu, nýsköpun og svæðisbundinni matvælaframleiðslu á Norðurlandi vestra.
Málaflokkur	Atvinnuþróun og byggðamál – Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið Nýsköpun – Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið Matvælaframleiðsla - Atvinnuvegaráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Samtök smáframleiðenda, Slow Food, Beint frá býli
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Lokaafurð verkefnisins er viðburður með smáframleiðendum og öðrum hagaðilum á landinu öllu. Ávinningur verkefnisins mælist í fjölgun smáframleiðenda á svæðinu, bættum rekstrarskilyrðum og sterkara tengslaneti framleiðenda.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 03 – Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf. Lykilmálaflokkur 04 – Sjálfbær landshluti.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Nýsköpunarlandið Ísland. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Stefnuýfirlýsing ríkisstjórnarinnar, 12. gr.: Gripið verður til aðgerða til að efla nýsköpun í landbúnaði. Byggðaáætlun: Efla atvinnuþróun og sjálfbæra nýsköpun á landsbyggðinni sem stuðlar að fjölbreyttari atvinnutækifærum og samfélagsþróun. Stuðlað verði að eflingu hringrásarhagkerfisins um land allt með áherslu á græna atvinnuuppbyggingu, staðbundna styrkleika og aukna fullvinnslu í héraði. Matvælastefna Íslands: Verkefnið styður við áherslur í matvælastefnu, þar á meðal að efla framleiðslu á öruggum og heilnæmum matvælum, styðja smáframleiðendur og auka sjálfbærni í matvælaframleiðslu. Stefna Íslands um sjálfbæra þróun: með því að stuðla að svæðisbundinni matvælaframleiðslu sem eykur sjálfbærni, dregur úr hindrunum fyrir smáframleiðendur og hvetur til nýsköpunar, sem samræmist markmiðum um ábyrga framleiðslu, samfélagsþróun og efnahagslega sjálfbærni.

Heiti verkefnis	Starfamessa
Númer verkefnis	2025-11
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að sýna fjölbreytt framboð starfa í landshlutanum og kynna fyrir ungu fólki. Markmiðið er að opna augu þeirra fyrir möguleikum sem hér bjóðast að námi loknu.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	
Málaflokkur	Menntamál - Mennta- og barnamálaráðuneytið og Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið Atvinnumál - Atvinnuvegaráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Háskólar, FNV, grunnskólar og fyrirtæki á svæðinu
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Haldinn verði viðburður sem leiðir saman skóla og atvinnulíf til að kynna fyrir ungu fólki starfa- og námsframboð á svæðinu, með það að markmiði að því finnist það spennandi kostur að flytja aftur hingað að námi loknu. Ungt fólk sér hvernig menntun getur nýst þeim á heimaslóðum í framtíðinni.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2025
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 02 – Góður staður til að búa á. Lykilmálaflokkur 03 – Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Nýsköpunarlandið Ísland. Byggðaáætlun, III. Sérstök áhersla verði lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Heiti verkefnis	Sjálfbær landshluti
Númer verkefnis	2025-12
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Markmiðið er að styðja sveitarfélög á Norðurlandi vestra við að stíga fyrstu skrefin í innleiðingu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Auka fræðslu um umhverfismál í landshlutanum.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Fyrir liggur aðgerðaáætlun sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í loftslagsmálum 2024-2028 sem unnin var að KPMG og er verkefni þessu ætlað að styðja við sveitarfélögin að taka fyrstu skref við innleiðingu á þeim þáttum sem þar koma fram. Starfsfólk SSNV heldur utan um fræðslu um umhverfismál. Stendur bæði fyrir fyrirlestrum og birtir efni á vef samtakanna með það fyrir augum að vekja fólk til umhugsunar um málaflokkinn.
Málaflokkur	Umhverfismál - Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Innleiðing á aðgerðaráætlun í loftslagsmálum er hafin. Fróðleik um umhverfismál er miðlað til íbúa í landshlutanum með markvissum hætti. Ávinningur gæti birst í minni urðun, lægri rekstrarreikningi og minni orkunotkun og almennt aukinni vitund íbúa og fyrirtækja á umhverfismálum.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 01 – Samvinna, jákvæðni og bjartsýni. Lykilmálaflokkur 04 – Sjálfbær landshluti.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar, 7. gr.: Með markvissum loftslagsaðgerðum svo að Ísland nái kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 og verði áfram í fremstu röð í baráttu gegn hnattrænni hlýnun. Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum: Þ.2.c. Samfélagsvitund: Til að virkja samfélagið allt í þágu loftslagsmála og orkuskipta er mikilvægt að upplýsingar séu aðgengilegar og á skiljanlegu máli.

Heiti verkefnis	TextílLab á Blönduósi
Númer verkefnis	2025-13
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að styðja áfram við uppsetningu og rekstur stafrænnar smiðju Textílmíðstöðvarinnar á Blönduósi.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Unnið verði með smiðjunni að því að auka nýtingu á aðstöðunni með það fyrir augum að auka nýsköpun á svæðinu með tilliti til textíls og aukinnar fullvinnslu íslenskrar ullar. Um leið er stutt við stofnun Textílklassa á Norðurlandi vestra.
Málaflokkur	Nýsköpun – Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið Menntamál – Mennta- og barnamálaráðuneyti og Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið Landbúnaður - Atvinnuvegaráðuneytið
Framkvæmdaraðili	Textílmíðstöð Íslands
Samstarfsaðilar	SSNV, aðrar Fab-lab smiðjur, ullarframleiðendur, Ístex o.fl.
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Ávinningur samfélagsins felst í aukinni stafrænni færni íbúa, fjölgun atvinnutækifæra og aukinni nýsköpun. Einnig aukinni verðmætasköpun með fullvinnslu afurða landbúnaðarins og aukin nýting Textíllabs á Blönduósi. Tilurð Textílklassa á Norðurlandi vestra.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2025
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 03 – Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Nýsköpunarlandið Ísland, kaflinn um umgjörð: Íslenskir frumkvöðlar og hugvitsfólk hafi aðgang að stafrænum smiðjum og standi þeim til boða aðstaða til að smíða frumgerðir og gera tilraunir með framleiðsluhugmyndir. Slík aðstaða standi sem flestum landsmönnum til boða, óháð búsetu og þar séu til staðar hæfir leiðbeinendur. Landbúnaðarstefnan Ræktum Ísland; áhersla á aukna fullvinnslu afurða. Stefnuýfirlýsing ríkisstjórnarinnar, 10. gr.: Áfram verður stutt við vöxt hugverkaiðnaðar, nýsköpunar og tækni. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Byggðaáætlun: Nýsköpunarhæfni samfélaga og áhersla á frumkvöðlastarfsemi og græn störf verði aukin um allt land með áherslu á að styrkja stoðkerfi og innviði nýsköpunar, stafræna þróun, þekkingaruppbyggingu og greiðara aðgengi að mörkuðum og fjármagni.

Heiti verkefnis	Skíðasvæðið Norðurland vestra
Númer verkefnis	2025-14
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að efla skíðasvæði Norðurlands vestra og horfa á þróun svæðis með ævintýraferðamennsku í huga sem nær yfir lengra tímabil en vetrarmánuði, dæmi um þetta væru fjallahjóla- og gönguleiðir.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Skíðasvæðið í Tindastól er eina skíðasvæðið á Norðurlandi vestra og er mikilvægt aðdráttarafl ferðamanna á vetrarmánuðum. Rík áhersla er á aukna vetrarferðapjónustu á svæðinu og spilar skíðasvæðið þar mikilvægt hlutverk til að festa ferðapjónustu í sessi sem heilsársatvinnugrein. Unnið verði með hagsmunaaðilum að því að auka nýtingu á aðstöðu Skíðasvæðisins með það að markmiði að efla vetrarferðamennsku. Jafnframt er skíðasvæðið mikilvægur liður í að tryggja aðgengi að fjölbreyttri íþróttaiðkun, bæta búsetuskilyrði íbúa og stuðla að heilsuefandi samfélagi. Jafnframt verður unnið með þau tækifæri sem svæðið hefur upp á að bjóða yfir sumarmánuðina. En Tindastóll býður upp á fjölbreyttar göngu- og hjólaleiðir. Vinna þarf tækifæragreiningu varðandi slíka þjónustu sem myndi tryggja betri nýtingu á þeim innviðum sem fyrir eru. Leitað verður til aðila utan svæðis sem gera út á göngu- og hjólaferðir og kannað grundvöll til að markaðsetja svæðið fyrir hópa sem leita af útivist í fallegu umhverfi sem býður upp á einstakt útsýni yfir Skagafjörð.
Málaflokkur	Menntamál – Mennta- og barnamálaráðuneytið Menning – Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið Málefni sveitarfélaga - Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV og sveitarfélög á Norðurlandi vestra
Samstarfsaðilar	Svæðisskrifstofa UMFÍ og ÍSÍ á Norðurlandi vestra og U.M.F. Tindastóll
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Verkefnið skapar fleiri tækifæri til útivistar og hreyfingar fyrir fólk á öllum aldri, sem stuðlar að betri líkamlegri og andlegri heilsu. Tryggt aðgengi íbúa og ferðamanna að skíðasvæðinu. Verkefnið styrkir öfluga heilsársferðapjónustu með fjölgun gistinátta á ársgrundvelli og sterkari rekstrargrundvelli veitinga- og þjónustuaðila á svæðinu.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 02 – Góður staður til að búa á. Lykilmálaflokkur 03 – Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Heilsuefandi samfélag. Byggðaaætlun. Velkomin, Ferðamálafestir og aðgerðir til ársins 2030, Upplifun gesta þar sem lögð er áhersla á að þróa áfangastaði með áherslu á staðbundna sérstöðu og sjálfbærni.

Heiti verkefnis	Fab-Lab
Númer verkefnis	2025-15
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að stuðla að aukinni nýsköpun í landshlutanum.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Markmið verkefnisins er að efla nýsköpun, sköpunarkraft og tæknimenntun á Norðurlandi vestra með því að styðja við þróun og starfsemi FabLab smiðja á svæðinu. Verkefnið felur í sér að auka aðgengi íbúa, skóla og fyrirtækja að hátækniþúnaði og verkfærum sem stuðla að framleiðslu og nýsköpun. Með þessu verkefni er stefnt að því að styrkja samfélagið á Norðurlandi vestra með auknum möguleikum til nýsköpunar, atvinnuþróunar og menntunar í sköpunartækni.
Málaflokkur	Nýsköpun – Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið Menntamál – Mennta- og barnamálaráðuneytið og Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið
Framkvæmdaraðili	Hátæknisetur Íslands ses. og Húnaþing vestra
Samstarfsaðilar	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, grunnskólar á Norðurlandi vestra.
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Ávinningur samfélagsins felst í aukinni stafrænni færni íbúa í landshlutanum með aukinni nýtingu íbúa á Fab Lab aðstöðu. Bætt þekking og reynsla af notkun hátækniþúnaðar í framleiðslu og skapandi greinum.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2025
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 02 – Góður staður til að búa á. Lykilmálaflokkur 03 – Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Nýsköpunarlandið Ísland: Íslenskir frumkvöðlar og hugvitsfólk hafi aðgang að stafrænum smiðjum og standi þeim til boða aðstaða til að smíða frumgerðir og gera tilraunir með framleiðsluhugmyndir. Slík aðstaða standi sem flestum landsmönnum til boða, óháð búsetu og þar séu til staðar hæfir leiðbeinendur. Stefnuýfirlýsing ríkisstjórnarinnar, 10. gr.: Áfram verður stutt við vöxt hugverkaiðnaðar, nýsköpunar og tækni. Byggðaáætlun, III.C.p Stutt verði við hin ýmsu form samfélags- og nýsköpunarmiðstöðva í minni byggðakjörnum.

Heiti verkefnis	Tækifæragreining á hótéluppbyggingu
Númer verkefnis	2025-16
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Markmiðið með verkefninu er að styðja við hótéluppbyggingu á svæðinu með það fyrir augum að aðstæður til ráðstefnuhalds á svæðinu verði til jafns við það besta sem býðst á landinu og gistináttum fjölgi í landshlutanum. Markmið verkefnisins er að meta forsendur og tækifæri fyrir hótélrekstur á Norðurlandi vestra. Meta þarf þörfina á hótélrymum og samanburður við önnur svæði. Teiknuð verður upp þörf á mismunandi stöðum á svæðinu og þarfagreining á stærð og gerð hótela unnin.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Helstu verkþættir verkefnisins eru: • Greining á rekstrargrundvelli fyrir hótél • Tækifæri dregin saman sem gerir svæðið ákjósanlegt fyrir hótéluppbyggingu • Samantekt á niðurstöðum
Málaflokkur	Ferðaþjónusta - Atvinnuvegaráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Verkefnið mun leggja okkur til eftirfarandi tól og tæki: • Greining á rekstrargrundvelli fyrir hótél á mismunandi stöðum á Norðurlandi vestra • Samantekt á niðurstöðum Þessi tól og tæki munu styðja aðila sem hafa hug á að koma að hótéluppbyggingu á svæðinu. Ávinningur svæðisins felst í eflingu ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra þegar ný hótél rísa á svæðinu.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2025
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 02 – Góður staður til að búa á. Lykilmálaflokkur 03 – Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Byggðaáætlun: Sérstök áhersla verði lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Velkomin, Ferðamálastefna og aðgerðir til ársins 2030, Upplifun gesta þar sem lögð er áhersla á að þróa áfangastaði með áherslu á staðbundna sérstöðu og sjálfbærni.

Heiti verkefnis	Sjálfbær landshluti - Eimur
Númer verkefnis	2025-17
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Markmið með verkefninu er að bæta nýtingu auðlinda á Norðurlandi vestra með verðmætasköpun, sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Ætlunin með Eim er að leiða saman aðila sem geta unnið saman við það að afla alþjóðlegs fjármagns til tilrauna, rannsókna og þróunar á orku- og loftslagsvænum lausnum. Með nýjum tækifærum og auknu samstarfi á milli fyrirtækja og opinberra aðila er hægt að ýta undir að verkefni og tækifæri sem skapast á svæðinu þróist í átt að hringrásarhagkerfi, þar sem verðmætasköpun úr vannýttu hráefni er aukin, bæði úr því sem er til staðar og því sem verður til vegna nýrra verkefna eða framleiðslu. Meðal viðfangsefna eru fjölnýting jarðvarma, orkuskipti, innleiðing hringrásarhagkerfis í iðnaði og öflugur stuðningur við nýsköpun.
Málaflokkur	Umhverfismál - Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Framkvæmdaraðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Landsvirkjun, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, Norðurorka og Orkuveita Húsavíkur.
Lokaafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Að Eimur sinni fjölmörgum verkefnum sem öll snúa að bættri nýtingu auðlinda á svæðinu sem hafa ekki bara skapað aukin verðmæti heldur störf.
Upphaf og lok verkefnis	01.02. 2025 – 31.12. 2026
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	Lykilmálaflokkur 03 – Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf. Lykilmálaflokkur 04 – Sjálfbær landshluti.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar, 7. gr. Nýsköpunarlandið Ísland Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

